

Metal Pro Metalemalje 40

Vörulýsing

Flügger Metal Pro 40 er fljótþornandi, hálfgljáandi og efnapolið lakk á málma. Efnið skilar hörðu og slitsterku yfirborði sem heldur vel gljáa og lit. Efnið er veðurpolið og hefur einnig gott þol gagnvart olíu og vatni. Gott er að nota efnið bæði snemma vors og á haustin þegar búast má við lágum hita og háu rakastigi. Polir hitastig allt að 80°C. Efnið getur gulnað með tímanum ef það er útsett fyrir hita og birtu í langan tíma



- Myndar hálfgljáandi, veðurþolna filmu sem hefur einnig gott þol gagnvart olíu og vatni.

Notkunarmöguleikar

Má nota innan- og utanhúss sem iðnaðar og vélalakk. Hentar vel á járn og málma.

Meðhöndlun

Hreinsið flötinn áður en málað er með Flügger Fluren 37 eða Flügger Facade Anti-green eftir atvikum. Þegar lokið hefur verið lökkun er mælt með því að fylgst sé reglulega með sliti, veðrun og ryði. Þegar / ef þörf krefur skal þrifa, slípa, grunna og endurmála til að viðhalda góðri vörn.

Notkun

Undirlagið þarf að vera hreint, þurr, fast í sér og laust við ryk, fitu, olíur og ryð. Fjarlægið lausa málningu og ryð þannig að lakkið fái góða festu. Hreinsið flötinn með Flügger Metal Pro Cleaner. Ef um er að ræða gróðurmyndun þá getur Flügger Facade Anti-green nýst vel við hreinsun. Notið háþrýstipvott ef þörf krefur. Eftir hreinsun með hreinsiefnum er mikilvægt að skola flötinn vel með hreinu vatni áður en málað er. Mattslípið gljáandi og áður málaða fleti fyrir málun. Grunnið nýtt eða ómeðhöndlað járn og málma með Flügger Metal Pro Multiprimer. Galvaniserað járn skal einnig grunna með Flügger Metal Pro Multiprimer. Mælt er með að bera á tvær umferðir af grunni og tvær af lakki til að ná fram sem bestri vörn gegn t.d. ryði. Lokaáferð og gljái kemur fram þegar önnur umferð hefur þornað. Hrærið fyrir notkun. Berið á með pensli, rúllu eða sprautu.

Athugið!

Til að tryggja að útkoman verði sem best þá er mikilvægt að virða þá tíma sem gefnir eru upp varðandi yfirmálun. Vandandi til verka við undirvinnu s.s. hreinsun og slípun. Gætið þess að efnisnotkun sé í samræmi við það sem gefið er upp og ekki sé borið á of þunnt lag af lakki. Rétt filmuþykkt er lykilatriði til að tryggja það að málningarfilman veiti fletinum tilætlaða vörn gegn ryði o.þ.h.

Geymsla: Geymist vandlega lokað á köldum stað.

Tæknilegar upplýsingar

Vara Málning fyrir málma og járn

Gljái Hálf-gljáa;40

Þynning Á ekki að þynna

Þrif á verkfærum o.s.frv. Terpentína

Núverandi TDS útgáfa

maí 2012

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

mars 2012